

Ed. **529. Frumvarp til laga** [227. mál]
um breyting á lögum nr. 79 23. des. 1975, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. lög nr.
103 27. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 10. apríl.)

1. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fyrir þinglýsingu á skjölum skal greiða fast gjald, er dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. Á sama hátt skal ákveðið gjald fyrir áritun um heimildabrest o. fl. skv. 9. gr. laga nr. 30 7. maí 1928.

2. gr.

17., 18. og 19. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1978, og gilda um skjöl sem afhent eru til þinglýsingar eftir það tímamark.